

# Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgefandi: Árvakur hf., Reykjavík.

Forstjóri: Einar Sigurðsson.

Ritstjóri: Styrmir Gunnarsson.

Fréttarritstjóri: Aðstoðarritstjóri:

Björn Vignir Sigurpálsson. Karl Blöndal.

## ER VEIZLUNNI AÐ LJÚKA?

Það er margt sem bendir til þess að veizlunni miklu, sem hér hefur staðið undanfarin ár, sé að ljúka. Að sumu leyti vegna áhrifa erlendis frá, að öðru leyti vegna þess að boginn verður ekki spenntur hærra en orðið er í neyztu og fjárfestingum fólks.

Í Morgunblaðinu í dag er brugðið upp skýrri mynd af þróun þeirra nýju húsnæðislána, sem bankarnir tóku upp fyrir þremur árum. Greiðslubyrðin þyngist stöðugt og alveg ljóst að hún dregur úr annarri neyztu. Þess vegna er ekki ósennilegt að samdráttar gæti bæði í neyztu og fjárfestingum fólks og að sá samdráttur eigi eftir að koma skýrar fram á næstu vikum og mánuðum.

Í Viðskiptablaði Morgunblaðsins í dag er skýrt frá því að á fyrstu þremur dögum þessarar viku hafi markaðsvirði fyrirtækja, sem skráð eru á Kauphöll Íslands, lækkað um 285 milljarða. Af þessari upphæð hefur markaðsvirði Kaupþings banka, stærsta bankans, lækkað um 106 milljarða, og fjármálafyrirtækja á borð við Exista og FL Group um 43 milljarða og 40 milljarða. Í fréttum Morgunblaðsins í dag kemur einnig fram að skuldatryggingaálag á skuldbindingum Kaupþings banka hafi áttfaldazt frá því í sumarbyrjun og að álagið hjá þeim banka sé mun hærra en hjá Glitni og Landsbanka.

Á forsíðu Financial Times, annars tveggja helztu viðskiptadagblaða í okkar heimshluta, var svohljóðandi

fyrirsögn yfir þvera forsíðu í gær: Aukin hætta á brunauðsölu eigna.

Skýringar sumra aðila á fjármála-markaðnum hér í gær á mikilli lækkun á Kauphöllinni var sú, að bankarnir væru byrjaðir að selja hlutabréf viðskiptavina, sem ekki hefðu getað lagt fram frekari tryggingar vegna lána út á hlutabréfakaup og að jafnvel mætti búast við að slík sala mundi aukast í dag.

A vefsíðum Financial Times og Wall Street Journal í gærkvöldi mátti sjá fréttir um lækkandi hlutabréfaverð beggja vegna Atlantshafsins í gær, sem skýrt var annars vegar með lækkun á olíuverði og hættu á vaxandi verðbólgu og hins vegar með lækkun hlutabréfa í bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum.

Í Viðskiptablaði Morgunblaðsins í dag kemur fram sú skoðun hjá talsmönnum einstakra greiningardeilda bankanna, að óróinn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum skýrði að hluta lækkun markaðarins hér.

Sumir erlendir fjármálasérfræðingar telja stöðu bankanna á Norðurlöndum veika og t.d. veikari en íslenzku bankanna og rökstyðja það mat með því að norrænu bankarnir eigi mikið undir þróun mála í Eystrasaltsríkjum, sem menn hafi áhyggjur af. Aðrir, sem þekkja vel til, sjá hins vegar engin merki um veikleika í efnahag Eystrasaltsríkjanna. Þegar á allt þetta er litið verður að telja að skýrar vísbendingar séu um að veizlunni sé að ljúka og að venjulegir tímar séu framundan.

## KENNINÖFN OG KLUNNASKAPUR

Hlutverk hins opinbera er ekki að hlutast til um hvernig einstaklingar haga lífi sínu heldur gæta þess að allir sitji við sama borð. Á þessu vill oft verða misbrestur, sem komið getur fram bæði í stóru og smáu. Í Morgunblaðinu í gær er sagt frá máli Sigþórs Elíasar Smith. Foreldrar hans eru Þóra Björk Smith og Ásdís Þórhallsdóttir. Þegar Ásdís átti Sigþór Elías var nafn hans skráð í þjóðskrá. Þóra Björk og Ásdís, sem eru í staðfestri samvist, fóru báðar, fylltu út viðeigandi eyðublað, settu inn nafnið Sigþór Elías Smith og skrifðu báðar undir.

Þegar þær flettu honum upp í þjóðskrá kom hins vegar fram nafnið Sigþór Elías Ásdísarson. Nafnið, sem þær höfðu skrifað á eyðublaðið, skiladi sér ekki. Af hverju? Ekki var haft samband við foreldrana til að segja þeim frá því að nafnið yrði ekki fært í þjóðskrá með þeim hætti, sem þeir vildu. Hið sérkennilega svar, sem þær fengu var svohljóðandi: „Líf-fræðilegur ómöguleiki.“

Til þess að breyta skráningunni þurfti enn að fylla út eyðublöð og undirrita sérstaka yfirlýsingu. En af hverju er þessi hindrun sett upp þegar foreldrar eru tvær konur, sem vilja kenna barn sitt við það foreldri, sem ekki gekk með barnið?

Lög og reglur um réttindi samkynhneigðra hafa breyst verulega til batnaðar á undanförunum misserum

og má jafnvel tala um byltingu. Samkynhneigðir eiga vitaskuld að sitja við sama borð og aðrir íbúar landsins og þeim á ekki að mismuna. Í þessu tilfalli eru Þóra Björk og Ásdís í sömu sporum og kona, sem hvorki er í hjúskap né í skráðri sambúð.

Hvaða ástæða er fyrir þessu fyrirkomulagi? Hvers vegna er tekin ákvörðun um að mismuna fólki með þessum hætti? Réttur fólks til að fara sínu fram í sínu einkalífi svo lengi sem öðrum er ekki bakað tjón er skýlaus. Hvers vegna í ósköpunum þarf þjóðskrá að skipta sér af því við hvort foreldri barn er kennt? Af hverju þarf að gefa út sérstakar yfirlýsingar þegar foreldrarnir eru samkynhneigðir, en ekki þegar þeir eru gagnkynhneigðir? Eins og alkunna er getur „líf-fræðilegur ómöguleiki“ einnig átt við hjá gagnkynhneigðum.

Á Íslandi hefur gætt undarlegra sjónarmiða varðandi mannanöfn. Lengi var það svo að útlendingar, sem hingað fluttu, urðu að taka sér íslenskt nafn. Þurftu meðal annars flóttamenn, sem misst höfðu aleiguna, að afsala sér nafninu þegar þeir settust að á Íslandi. Þessu hefur sem betur fer verið breytt. Kenninafna-málið er klunnalegt og í mótsögn við þau viðhorf, sem endurspeglast í þeim lagabreytingum, sem undanfarid hafa verið gerðar. Það ætti að vera auðvelt að laga vinnureglurnar hjá þjóðskrá.

Það er viðburður að fara á myndlistarsýningu og horfa á verk. En þær spurningar eru áleitnar þegar rætt er við Margréti H. Blöndal dag sýningu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Undirbúningur þar sem leitinn að því sem er rétt skiptir höfuðmáli og leiðarljósið er

# Að teikna efni í

Eftir Bergþóru Jónsdóttur  
begga@mbl.is

Margrét H. Blöndal notar þrívíð verk til að undirstrika eiginleika rýmisins sem hún sýnir í. Skúlptúrar hennar eiga það sameiginlegt að bera merki meðhöndlunar: þeir hafa verið mótaðir, bundnir, vafðir, rúllaðir, kreistir, knúsaðir, teygðir, beygðir, krumpaðir, rifnir, brotnir, eða jafnvel settir saman. Uppstilling þeirra í rýminu endurspeglar athugun hennar á hverjum þeirra fyrir sig en einnig sem hluta af heild.

„Stór þáttur í vinnulagi mínu er að fara í mismunandi sýningarsali og bregðast við því áreiti sem þeir eru. Þegar mér var boðið að sýna í Listasafni Reykjavíkur fékk ég tvo sali til umráða. Mér fannst erfitt að átta mig á sölunum því sýningarnar sem voru uppi þegar ég skoðaði þá voru þess eðlis, mörg verk og aukaveggir. Markviss undirbúningur hófst í ágúst-september. Þá vann ég teikningaröð með vatnslitum og ólífuolíu. Ég var bæði að vinna að verkunum en um leið að setja mig í samband við verkefnið. Þetta er svolitíð eins og með performans – það þarf að undirbúa hann. Ég hafði tvær vikur í rýminu til að finna hvernig ég brygðist við því og vinna verkið. Teikningarnar hjálpuðu mér við að gera mig tilbúna. Þetta er allt huglægt og ég ákveð mig ekki nákvæmlega fyrirfram, heldur treysti því að tíminn sem ég hef dugi mér. Næðið skiptir máli og að fá að sitja í salnum og láta það sem þar er toga mig áfram.“

Er það þá ekki höfuðatriði að þú fáiir góðan tíma í auðum salnum áður en verklega vinnan og hin eiginlega sýning hefjast?

„Jú; en mér finnst líka gott að geta lokið vinnunni þremur dögum fyrir opnun til að verkið fái að sjatna í salnum.“

### Að hugsa, horfa og hlusta

Hvað gerist þegar þú gengur inn í auðan salinn og veist að eftir tvær vikur verður þú að vera búin að búa til sýningu?

„Ég var með teikningarnar tilbúna en þurfti að bera á þær og sýsla við þær í minni salnum. Það skapaði tengingu við þann sal. Þá kom ég í stóra salinn og í slíku tilfalli skiptir það mig máli að geta verið ein til að hugsa, horfa og hlusta – ómeðvitað. Þetta byggist ekki á vitsmunalegum viðbrögðum heldur getur það verið eitthvað sem kemur Hafnarhúsinu ekki einu sinni við. Kannski er það bara skora á vegg sem leiðir mig áfram. En stóri salurinn er sterkur og vandlega afmarkaður af tveimur súlnaröðum. Ég hafði áður svolitla forðoma gagnvart þessum sal. En um leið og ég fór að dvelja í honum fannst mér hann fallegur og mér finnst hann mjög fallegur. Þetta var ánægjulegur tími. Það sem súlnurnar gera er að skipta rýminu niður í mörg litil hólf. Það er stundum eins og undir-meðvitundin vinni með manni. Titill sýningarinnar er Preifað á himnunni. Maður þreifir sig áfram og himna er svo fallett orð, hún nær frá þeim örfínu himnum sem verja líffæri okkar alveg til himinsins. Það eru ekki síst himnur utan líkamans sem eru mér hugleiknar; himnan milli okkar og viðfangsefna okkar og himnan kringum þá sem við erum tengd. Himnurnar eru í mörgum víddum og við getum allt eins hugsað um ósonlagið. Ég var búin að taka til efni í poka sem ég kom með þegar ég var búin að vera í salnum svolitinn tíma. Ég byrja á því að handfjatla efnið – og verkin geta sprottið fram án þess að ég hugsi



Sjónrænir tónar Það má líkja þeim við litlar áminningar eða minni



Margrét Blöndal „Teikningarnar flæða á veggjunum og hver m afmörkuð af ramma – einn heimur hver. En þegar maður kemur salinn, þá er eins og maður gangi inn í eina teikningu.“

mikið um það. Allt í einu er komið verk sem hefur fundið sinn stað. Ég dvel við það verk, hugsa um það, en mér gæti þá fundist vanta ákveðinn lit. Þá leita ég í því efni sem ég er með. Ef ég finn ekkert þar sem kallar á mig fer ég jafnvel út í göngutúr og reyni að horfa á umhverfi mitt þannig að það sé ekki sú Reykjavík sem ég ólst upp í og þekki og finna eitthvað sem verður á vegi mínum. Ég veit að tíminn er stuttur og skilningarvitinn verða að vera galopin í þennan stutta tíma. Maður verður að anda með öllum skrokknum. Smámið saman fara hlutirnir að myndast. Hver sýning hjá mér er samsett úr nokkrum þáttum sem kallast á.“

### Hreyfingin í rýminu

Nú er ég forvitin að vita hvað ræður þeirri þáttaskiptingu og hvernig þú velur efnið sem þú notar.

„Ef ég tek dæmi af fyrsta verkinu hér inni. Það voru tveir poka utan um snífsi og afganga sem ég var með. Þegar þeir lágu hér á gólfinu sá ég að það var hreyfing í þeim og í samspili við gráa steypugólfið og allar þessar hvítu súlur fannst mér mikilvægt að undirstrika hreyfinguna milli súlnanna. Salurinn er

svo sterkur. Öll verkin í stórum eru svolitíð eins og teikningarmið. Hins vegar eru 38 teikningar í minni salnum, teikningasalum. Þær flæða á veggjunum, hver mynd afmörkuð ramma, einn heimur hver. Þegar maður kemur í stóra salinn og maður gangi inn í eina teikningu eða eðli þeirra. Þegar aði að setja verkin inn fannst skemmtilegt að geta skoðað frá mismunandi sjónarhornum því hvar við súlurnar ég stóirni þurftu að vera nógu stórad fanga athyglina. Ég átta því þegar ég var búin að setja upp að þegar komið er inn í næstum eins og hann sé tónsmátt og smátt lífna verkin eftir því sem maður dvelur er inni í umhverfinu þá vaxa.

Mér finnst þú lýsa þessu og þú værir að tala um spul-list þar sem framvandan verstaðnum með fyrirframgefurur á leiðinni. Sérð þú eitthvað samlikingu?

„Já, ég geri það, því þess hefur verið líkt við sjónræn. Maður setur einn tón hér og þar. Ég upplifi þetta þannig